



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 93. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands miðvikudaginn 20. október 2010 kl. 15:00 í húsakynnum Landsvirkjunar.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Boðuð forföll: Sigurður M. Garðarsson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Haustfundur JHFÍ 7. desember

Fundurinn verður haldinn í Hellisheiðarvirkjun og tileinkaður störfum Kristjáns Sæmundssonar. RK kynnti drög að dagskrá fundarins, umfjöllunarefnum og fyrirlesurum. Áhersla verður lögð á það efni sem verið hefur á áhugasviði Kristjáns. Almenn ánægja var með drögin á fundi stjórnar. JSF sér um praktísk atriði er varða fundarstaðinn á Hellisheiði. Hann mun jafnframt opna fundinn, bjóða gesti velkomna, segja stuttlega frá styrkveitingu JHFÍ til doktorsnema og afhenda Kristjáni skjal um kjör hans sem heiðursfélaga í JHFÍ. Í kjölfarið tekur ÁM við stjórn fundarins. RK sendir dagskrárdrögin á aðra í stjórn til afgreiðslu og GAS kynnir síðan fundinn.

3. Önnur mál

Rifjuð var upp hugmynd um að setja á fót orðanefnd jarðhitamála á vegum JHFÍ. Mikil vinna hefur verið unnin á sviði skilgreininga í tengslum við skýrslugerð á vegum iðnaðarráðuneytis um sjálfbærni. Skýrslan er væntaleg fljótlega og í kjölfarið verður málið tekið aftur til umfjöllunar í stjórn JHFÍ.

Fundi slitið kl. 15:40. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
